

Anton Kári Halldórsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps
Klausturvegur 15
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. ágúst 2012
Tilvísun: UST20120500002/ksj

Tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Botnum Skaftárhreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Botnum, Skaftárhreppi.

Skipulagssvæðið og fyrirhugaðar framkvæmdir

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulag fyrir fiskeldi á jörðinni Botnum í Skaftárhreppi nái yfir um 12 ha. Áætlað er að bleikjueldi fari fram á deiliskipulagssvæðinu. Framleiddur lífmassi er áætlaður 19 tonn.

Fyrirhugað er að byggja yfir bleikjueldið á 7.382 m² lóð innan 4273 m² byggingarreits. Flatarmál hússins verður 924 m² og hæð 6,2 m. Fram kemur í greinargerð að húsið verði stálgrindarhús með bogadregnu þakformi. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að litaval byggingar falli vel að umhverfinu sbr. 35.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en þar segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti landsins.*”

Vatnsöflun

Í greinargerð kemur fram að vatn verði tekið upp úr sjálfrennandi lokuðum lindum.

Rotþró

Rotþró er áætluð innan lóðar og verður staðsett á byggingarnefndarteikningum en er ekki sýnd á deiliskipulagstillögu. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að sýna staðsetningu rotþróar á deiliskipulagsupprætti.

Setþró

Áætlað er að setþró verði grafin suðaustan við húsið og áætlað er að tæma hana einu sinni ári og set verður nýtt sem áburður á tún eða akra. Flatarmál settjarnar verður um 60 m².

Afskurður af fiski og annar lífrænn úrgangur verður settur í meltu og notaður sem áburður á tún og akra. Í umsögn um lýsingu ofangreinds deiliskipulags taldi Umhverfisstofnun að sýna þyrfti lagnaleið frá fiskeldi að setþró. Á deiliskipulagstillögu er lagnaleið frá fiskeldi að setþró ekki sýnd. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram á hvaða hátt

Rafstöð og lónsgarður

Deiliskipulagið gerir einnig ráð fyrir að byggð verði ný rafstöð sem mun nýtast bæði fyrir sveitabæinn Botna og fiskeldið. Rafstöðin verður 53 kw. Í umfjöllun um gerð nýrrar rafstöðvar kemur fram að endurnýja þurfi hluta af lónsgarði og að ekki verði farið í neinar stórvægilegar breytingar á lóninu sjálfu. Að mati Umhverfisstofnunar ættu að koma fram í greinargerð upplýsingar hve mikið af lónsgarði þarf að endurnýja, hve mikið af efni er áætlað til endurbyggingarinnar og í hvaða namu er áætlað að sækja efnið. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að rafstöðin falli vel að umhverfinu sbr. 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sjá ofangreint.


Náttúruminjar


Umhverfisstofnun minnir á að fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur nálægt eldhrauni sem samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 nýtur sérstakrar verndar og að forðast ber röskun þess eins og kostur er.

Umhverfissjónarmið

Umhverfisstofnun tekur undir markmið er fram koma í umfjöllun um umhverfissjónarmið í greinargerð en bendir jafnframt á að fiskúrgangur eru ríkur af köfnunarefni og áréttar að varðandi alla notkun á framangreindum áburði þurfi að fara eftir reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun